

1867.
25. júlí. Í sambandi við þetta eruð þér beðnir um, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, sem nú stendur yfir, að annast um, að samin verði og lögð fyrir alþingi til álita reglugjörð um allt það, er snertir útsölu alþingistíðindanna eptirleiðis og líka um útbýtingu exemplara ókeypis, um sölu á eptirstöðvunum af gömlu árgöngunum, sem of mikið er til af, og ef til vill um að eptirleiðis skuli prenta færri exemplör af alþingistíðindunum en hingað til og fl.

25. júlí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland.

Með bréfi 18. októbermán. 1865 senduð þér, herra stiptamtmaður, hingað tvær bænarskrár, er komið höfðu til alþingis sama ár, og þingið hafði falið forseta á hendur að senda konungsfulltrúa til frekari leiðbeiningar; voru þær um fiskiveiðar Frakka og annara útlendra þjóða kringum Ísland og var önnur úr Barðastrandarsýslu og hin úr Norður-Þingeyjarsýslu¹. Í hinni fyrnefndu bænarskránni var að eins með almennum orðum kvartað yfir, að Frakkar fiski of nærri landi og beðið um, að gjörðar yrði ráðstafanir á móti þessu af hálfu dönsku stjórnarinnar, en í hinni síðarnefndu bænarskránni var aptur á móti getið um ýms rán og gripdeildir, er útlendir fiskimenn hefði átt að sýna sig í í norður- og austurumdæminu, en ekki voru samt að öðru leyti færð nein skilríki til sönnunar atvikum þeim, sem tekin voru fram. Útaf þessu höfðuð þér skorað á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu að útvega skýrslur þær, sem með þyrfti til sönnunar því, sem getið var um í bænarskránni, og hafði þér síðan með bréfi 30. janúarmán. þ. á. sent hingað skýrslur þær, er norður- og austuramtíð hafði

¹) Bænarskráin er prentuð í tíðindum frá alþingi 1865 II, 211.—12.

fengið um gripdeildir þessar frá sýslumönnunum í Eyjafjarðar-sýslu, Þingeyjarsýslu og báðum Múlasýslunum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að þar sem verið er enn sem fyr, eins og þér vitið, herra stiptamtmaður, að semja um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland við hlutadeigandi ríki, þá getur stjórnarráðinu aptur á móti eptir inntakinu í skýrslum sýslumannanna ekki þókt ástæða til að gjöra neitt frekara útaf umkvörtununum í bænarskránni úr Norður-Þingeyjarsýslu um gripdeildir útlendra fiskimanna, því umkvartanir þessar hljóta samkvæmt því, sem sannast hefir, í öllu falli að vera mjög orðum auknar. Því skal þar að auki við bætt, að útaf klöguninni frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um ýmsan óskunda, er enskir sjómenn hafi gjört á Húsavík, hefir amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu verið ritað hëðan á þá leið, er þér gjör munuð sjá á meðfylgjandi eptirriti.

Fylgiskjöl.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um óskunda enskra sjómanna á Húsavík.

25. júlí.

Með bréfi dagsettu 5. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal, er yður hafði borizt frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, Þorsteini kansellíræði Jónssyni; ber hann sig þar meðal annars upp undan ýmsum óspektum, er skipshöfnin á fiskiskútunni „Gipsy Queen“ frá Hjaltlandi hafi gjört á Húsavík, og krefst 31 rd. 28 sk. í skaðabætur fyrir skemmdirnar, er orsakast höfðu af því.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að dómsmálastjórninni virðist vafalaust, að það mundi verða árangurslaust að snúa sèr til utanríkisstjórnarinnar um málefni þetta, með því að ekki hefir verið tekið próf útaf því, eins og hefði átt að gjöra, svo ekki verður einu sinni komizt fyrir, hver hafi verið upptökin til áfloganna, sem talað er um, eða hverir hafi átt í þeim, og þar við bætist enn, að allur skaðinn, sem orsakast hefir, að eins er 6 rd.

1867.
25. júlí.

28 sk., því að það virðist þó varla geta verið umtalsmál að krefjast af ensku stjórninni, að hún borgi kostnaðinn til næturvarðar þess, er lögreglustjórinn skipaði fyrir um.

2. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 25. júlímán. 1866 um óspektir útlanda fiskimanna.

Eg skal í tilefni af bréfi yðar, herra amtmaður, leyfa mér að senda yður afskrípt af dómsmálabókinni viðvíkjandi yfirgangi, er útlendir fiskimenn hafa sýnt í Grímsey fyrir 10 árum síðan, en að undanteknu þessu tiltæki fiskaranna í Grímsey er mér ekki kunnugt, að þeir hér í sýslu hafi sýnt ójöfnuð við landsbúa eða framið gripdeildir.

3. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 3. septembermán. 1866 um sama málefni.

Hvað gripdeildir útlanda fiskimanna snertir, vill hreppstjórinn í Presthóla hrepp í bréfi 15. maímán. þ. á. eigi kannast við að hafa orðið var við annað en það, að þeir hafi stolið nokkrum blýsókkum, skinnfötum o. s. frv., og er þess getið, að þar hafi frakkneskir menn átt hlut að máli. Aptur er í skýrslu frá Kristjáni Ásmundarsyni á Máná 16. maí þ. á. skýrt frá, að í ágústmánudi 1857 og aptur 1861 hafi verið stolið úr Mánáreyjum alls 13 kindum og trjáviðarbunka að auki. Það hefir ekki orðið upplýst, hverrar þjóðar ránsmenn voru.

Loksins hefi eg tekið þingsvitni á Saudanesi í vor um atferli útlanda fiskimanna við Langanes, er þeir sumarið 1864 ætluðu að taka þar tvær kindur. Engir af hlutaðeigendum hafa getað upplýst, hvort ránsmenn væru Frakkar eða Engendingar.

Nú fyrir skemmstu hefi eg fengið fregnir af, að á Langanesi hafi verið skotið fê, og fundizt með skotum dautt á landi, án þess menn vissu, hverrar þjóðar menn það hefðu gjört, hvort heldur Frakkar, Bretar eða Írar. Enginn gat heldur vitað, hve margt fê þeir mundu hafa drepð og flutt með sér; en hitt má fullyrða, að fólk hér á landi eigi muni ráðast í það ódæði. Þess skal eg loksins geta, að hingað á Húsavík hafa komið ýms ensk fiskiskip síðan á dögnum, bæði til að sækja vatn og

1867.

25. júlí.

selja heilagfiski gegn forða heim til sín. Skip þessi fóru um daginn, en þrjú önnur komu í staðinn. En það skeði svo, að í gærkveldi varð rimma mikil niðri við verzlunarhúsin, svo eg mátti fara á stað; var þá við aðkomu mína búð að mөлva ýmislegt af gluggum á verzlunarhúsinu, hræða fólkíð þar inni og gjöra allan þann óskunda, sem nöfnum tjáir að nefna. Eptir því sem eg komst næst, var það maður af skipinu „Gipsy Qveen” H. U. Nr. 24 frá Hjaltlandseyjum. Bæjarnafnið þar hefir eigi getað uppspurzt, og fylgir hér með reikningur frá faktor Schou uppá 31 rd. 28 sk. útaf þessari rimmu, og fæ eg eigi annað sagt, en að hann sè sanngjarn¹. Eg verð nú að heimta, að ráðstöfun verði gjörð til, að þessir peningar náist endurgoldnir.

Þess ber að geta, að skipin „Bee”, skipstjóri Joseph Walls, og „Reindeer”, skipstjóri George Smith, báðir frá Lundúnum, voru hér á höfninni í þetta skipti, og skipti hvorug skipshöfnin sèr af atgjörðum hinna áðurnefndu fiskimanna, sem óskunda gjörðu. Fyrir þessar sakir voru menn fengnir til þess að sjá um, að enginn óskundi yrði framar gjörður, bæði með bareflum og byssum. En nú í dag eru þeir sigldir hédan með litlum byr, án þess að hafa komið í land í morgun nema með tvo stráka, einn af hvoru skipi.

Fyrir þenna óskunda, bæði á næturfriði manna, er varð milli kl. 10 og 11, húsbrotið og hvað eina, er þeir annars athöfðust, svo og næturvökur hér um bil 20 manns, heimta hlutaðeigendur borgun, eptir því sem reikningurinn sýnir.

Þess verður loksins að geta, að mesti óspektamaðurinn í

1) Reikningur yfir það, er skipveri af skipinu „Gipsy Qveen” H. U.

24 braut á Húsavíkur verzlunarstað 2. dag septembermán. 1866.

5 rúður, sjórar á 28 sk., ein á 12 sk. 1 rd. 28 sk.

1 járnpottur 5 — „ —

fyrir næturvörð eptir ráðstöfun herra kanselliráðs

Th. Johnsen handa 19 til 20 manns þyrfti að

borgast minnst 25 — „ —

31 rd. 28 sk.

1867.

25. júlí.

gærkveldi var af skipinu „Gipsy Queen” frá Hjaltlandseyjum, en skipverjar á hinum öðrum áðurnefndu skipum munu vita nafn skipstjóra, og hvar skipið á heima.

4. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Norðurmúlasýslu 14. ágústmán. 1866 um sama málefni.

Ad því er snertir reynslu mína í þessu málefni, neyðist eg til að geta þess, að eg álít kvartanir, sem þráfaldlega heyrast um þetta efni, mjög svo orðum auknar. Eins og það ber yfir höfuð að tala sjaldan við, at útlingingar hér á austurlandi fiski nær landi, en yfirráðin yfir sjónum ná til, samkvæmt grundvallarreglum þjóðaréttarins, eins hefir það að eins borið einu sinni við, meðan eg hefi verið hér, að nokkrir hásetar frá þrem enskum skútum gjörðu nokkurn óskunda á æðarvarpinu í Vopnafirði, þar sem fimm hásetar fóru á næturþeli án vitundar skipstjóranna í land til þess að stela eggjum. Við þetta tækifæri fórst skipstjórunum samt mjög vel, og hlutaðeigendur guldu bæði fæsekt og fullkomnar skaðabætur. Þetta var sumarið 1864, meðan eg var á Vopnafirði að þinga.

Ad öðru leyti veit eg ekki til, að framin hafi verið hér í sýslu, síðan eg kom hingað, fleiri slík lagabrot, en aptur á móti hafa stöku sinnum á verzlunarstöðunum hér í sýslunni verið áflog og riskingar milli fullra sjómanna og Íslendinga, en aldrei hefir samt kveðið neitt mikið að þeim. Upptökin hafa verið báðum að kenna, og jafnaðarlegast hafa hinir útlandu orðið undir.

Því skal að endingu við bætt, að þetta á að eins við tíma-bilið frá því haustið 1862.

5. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu 1. maímán. 1866 um sama málefni.

Þar mæð finnst í þessu tilliti ekki áriðandi að leita langt fram í tímann, og eg heldur ekki treysti mæð til að gefa neina nákvæma skýrslu um slíkt, skal eg að eins geta þess, sem hefir fyrir komið, síðan eg tók við sýslunni haustið 1863.

Eptir að presturinn í Hólma sókn, prófastur Hallgrímur Jónsson, voríð 1864, nóttina milli þess 25. og 26. maí hafði

1867.
25. júlí.

tilkynnt mér, að franskir fiskimenn hefðu gengið á land í nokkra hólma, sem honum tilheyra, hvar æðarvarp er, og tekið þar egg, tók eg sömu nótt próf í málinu.

Samkvæmt því, er viðtekið var undir prófinu¹, skrifaði eg foringjanum fyrir franska herskipinu, og kom einn yfirmaður nokkrum dögum seinna; fyrir milligöngu hans varð málið útkljáð þannig, að fiskimaðurinn lét úti 100 franka í skaðabætur til handa síra Hallgrími; hann borgaði í vörum, er eptir gangverði hér voru hér um bil 60 ríkisdala virði.

Það er ómögulegt, að hafa nokkra ljósa hugmynd um, hvað skaðinn hafi verið mikill, en eg hefi samt heyrt menn, sem hafa vit á slíku, láta þá meiningu í ljósi, að hann muni hafa verið næsta lítill, og að hinar útilátnu skaðabætur hafi verið fullkomið endurgjald fyrir skaðann og fyrirhöfnina; en eins og eg hefi á vikið, er þetta að eins ágizkun, sem ekki er hægt að gjöra nákvæma grein fyrir.

Um sumarið sama gaf hreppstjórinn í Norðfirði mér til kynna, að frönsk fiskiskúta hefði flutt dauðan hval inn á Norðfjörð, að festin, sem hvalurinn var festur með, hefði verið sett í land í Nes-landið, og að hvalurinn hefði verið í fiskhelgi, hefði því hann og annar maður, sem átti með Nes-landið, uppstaðið part úr hvalnum, en ekki fengið. Eptir tilmælum hans fór eg næsta dag norður í Norðfjörð, og þegar eg kom um borð í fiskiskútuna, var skipstjórinn strax fús á að afstanda hvað honum bæri eptir löggjöfinni, og bauð hlutaðeigendum ákjósanleg boð, sem þeir páðu.

Í fyrra vor, þegar eg kom suður að Kolfreyjustað til að þinga, skýrði presturinn í sókninni, síra Hákon Espólin, mér munnlega frá, að einhverir hefðu nóttina á undan komið á

¹) Frakknesku fiskimennirnir neitðu þverlega, að þeir vissu til, að þeir hefðu gjört neitt lagabrot með því að taka eggin, en voru samt fúsir á að endurgjalda allan þann skaða, er þeir höfðu gjört. Sáttum varð ekki á komið undir prófinu, af því að prófasturinn heimtaði 1000 franka í skaðabætur, en Frakkar vildu ekki gjalda nema 71 franka, það er segja einn franka fyrir hvert hreiður. Einn franki er 34 sk.

1867.
25. júlí.

land í varphólma, er heyrir til staðnum og kallaður er Andey, tekið þar egg og framið ýmsa óknytti. Hverir það voru, vissi hann ekki, en af fleirum ástæðum var honum næst að halda, að það hefðu verið franskir fiskimenn.

Eg gjörði nú hvað í mínu valdi stóð að komast eptir, hverir framið hefðu þetta, og talaði um það við foringjann á franska herskipinu, sem þá lá á Fáskrúðsfirðinum, en tilraun mín hafði engan árangur. Eg bað þá prestinn að senda mér skriflega klögun um þetta, er eg þá skyldi leiðbeina til æðri hlutað-eigenda; en slík klögun hefir ekki enn þá, þó eg margopt hafi minnt prestinn á það, komið til mín. Hvort hann á annan hátt hafi gjört nokkuð í málinu, er mér ókunnugt, nema það, að æðsti maðurinn á danska herskipinu Fylla, sem hér kom í fyrra sumar, sagði mér, að prestur hefði borið málið upp fyrir sér, en að hann hefði ekkert getað gjört í því.

Jafnvel þó hér á hverju ári komi 150 útlandar, mest eingöngu franskar, fiskiskútur undir landið og inn á Fáskrúðsfjörð hér í sýslu, hefi eg samt ekki að öðru leyti, en að framan er skýrt frá, frétt til neinna óknytta af þeim, og enn síður fengið tilkynningu um, að þeir hafi hallað réttindum landsbúa, og af því álykta eg, að það hafi heldur ekki átt sér stað.

25. júlí. **36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund til fátækra af Borgarey í Skagafirði.**

Í skjali, er hingað hafði borizt beina leið, spurði hreppstjórnin í Rípur hrepp í Skagafjarðarsýslu um, hvort að hann, þrátt fyrir að eigandi eyjarinnar Borgareyjar, sem liggur í Héraðsvötnunum, og er metin sér í lagi í jarðabókinni frá 1861 og talin þar undir Rípur hrepp, álitur að eign þessi liggi undir Akra hrepp í sömu sýslu, eigi ekki að fara eptir jarðabókinni, og þess vegna krefjast, að goldin sé tíund til fátækra í Rípur hrepp af greindri eign.